

Hið íslenska náttúrufræðifélag

Fundargerð aðalfundar nr. 135



Fundur haldinn 3. júní 2024 kl. 17:30 á Hafrannsóknastofnun og í fjarfundarbúnaði.

Fundur er settur kl. 17:31.

Mætt: Benedikt Traustason, Sveinbjörn Egill Björnsson, Bryndís Guðrún Róbertsdóttir, Einar Pétur Jónsson, Sölvi Rúnar Vignisson, Sveinn Kári Valdimarsson, *María Helga Guðmundsdóttir, *Guðrún Óskarsdóttir.

* Í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundarstjóri: Einar Pétur Jónsson

Fundarritari: María Helga Guðmundsdóttir

1. Tilnefning fundarstjóra og fundarritara

Sölvi Rúnar Vignisson formaður setur fundinn og tilnefnir Einar Pétur Jónsson sem fundarstjóra og Maríu Helgu Guðmundsdóttur sem fundarritara. Tillagan er samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla stjórnar

Sölvi Rúnar Vignisson formaður kynnir hjálagða skýrslu stjórnar. Fundargestir ræða skýrsluna og kemur fram almenn ánægja með að hún sé bæði ítarleg og vönduð.

3. Ársreikningur

Bryndís Guðrún Róbertsdóttir kynnir hjálagðan ársreikning félagsins fyrir árið 2023.

Rekstrartekjur félagsins voru 8.140.158 kr. og drógust saman um rúmar tvær milljónir milli ára, og munar þar mestu um útgáfustyrk frá Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmanahöfn sem barst á árinu 2022. Gjöld félagsins á árinu 2023 voru alls 9.961.645 krónur og varð því tap án fjármagnsliða 1.821.487 krónur. Langstærstur hluti rekstrartekna félagsins fer í útgáfu Náttúrufræðingsins og hefur kostnaður við útgáfuna aukist umtalsvert undanfarin ár án þess að tekjur aukist á móti.

Umræður um ársreikninginn. Rætt er að fara kerfisbundið yfir áskriftir stofnana á árinu og reyna að fjölga þeim, sem og að fara yfir félagatalið og afla styrkja frá fyrirtækjum.

Ársreikningur er borinn undir atkvæði. Reikningurinn er samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

4. Kjör formanns Flóruvina

Guðrún Óskarsdóttir gefur kost á sér sem formaður faghóps Flóruvina. Hún er einróma kjörin.

5. Kjör þriggja stjórnarmeðlima

Bryndís Guðrún Róbertsdóttir, Benedikt Traustason og Guðrún Óskarsdóttir gefa kost á sér sem stjórnarmeðlimir til tveggja ára. Engir aðrir frambjóðendur eru í stjórn. Eru þau einróma kjörin til starfans.

6. Kjör skoðunarmanna reikninga

Steinþór Niéllsson og Sveinbjörn Egill Björnsson gefa kost á sér til áframhaldandi setu sem skoðunarmenn reikninga. Þeir eru einróma kjörnir.

7. Önnur mál

Rætt er um mikilvægi þess að afla fjár og vekja athygli bæði á félaginu og Náttúrufræðingnum. Kostir og gallar auglýsinga í Náttúrufræðingnum eða á vef félagsins eru vegnir og metnir. Fram kemur að til stendur að prenta auglýsingar og hengja upp í háskólabýggingum.

Fundartími stjórnar er ákveðinn á nýju starfsári kl. 15:00 fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, frá og með ágústmánuði.

Fundi var slitið kl. 17:02